

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum, önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

#### 2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að þemur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna hafi verið greidd.
3. Að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulag.

#### 3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í skipulags- og byggingarnefnd og bókuð í gerðarbók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar Fjarðabyggðar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðarbókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

#### 4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og ákvæði byggingarreglugerðar.

#### 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnslutölum nr. 37/1993.

Skulu slík kærumál send til bæjarstjóra Fjarðabyggðar. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Fjarðabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.